

AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á auglýstri tillögu að deiliskipulagi.

Hagasmári 1. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Kópavogsbæjar samþykkt þann 14. febrúar 2006 tillögu að breyttu deiliskipulagi að Hagasmára 1.

Í tillögunni felst að byggt verður 15 hæða verslunar- og skrifstofuhúsnæði samtals um 16.000 m² að flatarmáli á norðvesturhluta lóðarinnar áfast Smáralind. Fyrirkomulag og fjöldi bílastæða breytist. Gerður verður tveggja hæða bílastæðapallur, norðvestan Smáralindar, auk þess sem í tillögunni er gert ráð fyrir nýrri tenginu milli Smáralindar og Smárahvammsvegur og jafnframt breytingu á tengingum Smáralindar við Fífuhvammsveg. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:1000 ásamt greinargerð og skýringarmyndum dags. 27. júlí 2005.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 31. október 2006.

Smári Smáráson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 3. nóvember 2006